


14 Djúpa í Skaftárhreppi

Djúpa yrði stífluð í um 560 m hæð, og veitt með skurði inn í Álftárdal austan Djúpár. Inntakslón í veituna er lítið og gera þarf ráðstafanir til að minnka aurburð inn í Álftárdal. Lambá er stífluð í mynni Álftárdals, með um 1.800 m löngum stíflum, sem eru mest rösklega 40 m háar. Þar er myndað miðlunar- og inntakslón með yfirfallshæð í 520 m y.s. og 54 Gl lónrýmd. Önnur miðlun og veita af vatnasviði Núpsár fæst með því að stífla Hvíta í V-Hvítárdal í um 770 m hæð. Þar fæst 64 Gl miðlun. Úr henni er veitt með göngum yfir á vatnasvið Lambár. Úr Álftárdalslóni er vatn tekið í göngum að stöðvarhúsi neðanjarðar undir Rauðabergsheiði. Frárennsli frá virkjun verður veitt út í Djúpa í gljúfri um 1,3 km ofan við brú (gömlu brú). Lagður verður nýr 9,5 km langur vegur með brú yfir Djúpa innanlega í Djúpárdal að aðkomugöngum að stöðvarhúsi í um 260 m hæð.



Afl 75 MW_e, orkugeta 498 GWh/ár.

FH III/FH IV: Gæði gagna C, FH III: Áhrif 28, FH IV: Kostnaðarflokkur 4



Umsögn faghóps I

FH I: Gæði gagna C/C. Djúpa – Vestri-Hvítá Verðmæti/Meðaltal 7,9/8,0. Áhrifaeinkunn/Meðaltal 6,4/5,4.



Djúpa – Vestri-Hvítá

Náttúruminjar: Núpsstaður, Núpsstaðarskógur og Grænalón.

Friðlýstar minjar: Lundur og Rofhóll.

Svæðið er þakið hraunlögum frá síð-plíósen og fyrrihluta ísaldar. Hraunlög frá nútíma, eldgígur inni við jökul. Jökulvatn og lindavatn. Óraskaðar fossaraðir í Djúpa og Vestri-Hvítá. Hlaup í Djúpa vegna eldgosa undir jökli á sögulegum tíma, a.m.k. tvö hlaup þekkt. Meðaleinkunn fyrir berggrunn og jarðgrunn og vatnagrunn (allt 8) en hátt fallvötn og stöðuvötn (13). Heildarverðmætamat fyrir jarðfræði og vatnafar 9,3, áttunda hæsta af vatnsaflssvæðum.

Flóra á vatnasviði Djúpár mjög illa skráð og upplýsingar litlar. Núpsstaðarskógur og umhverfi er mjög gróskumikið og tegundaauðugt en lítið um sjaldgæfar tegundir. Talsvert af votlendistegundum ofan

við byggðamörk í Djúpárdal og nágrenni. Nokkrar tegundir með takmarkaða útbreiðslu á landsvísu, s.s. stúfa, dvergtungljurt (friðlýst skv. Náttúruverndarlögum) og villilín og burkninn fjallaliðfætla. Tvær tegundir sjaldgæfra fléttna. Gáfum 8 fyrir auðgi en 4 fyrir fágæti, síðari talan gæti verið vanmat þar sem svæðið er svo illa skráð. Mjög litlar upplýsingar um gróður, aðeins kort fyrir Álftárdal (ca 500 m hæð) og Vestri Hvítárdal (ca 750 m) sem færu undir lón. Engar skráðar upplýsingar um Djúpárdal sem liggur mun lægra. Um 40% kortlagða svæðisins teljast gróin, mest mosagróður, hélumosi og grasvíðir m en kortlagða svæðið gefur ekki rétta mynd af verðmætum svæðisins. Beitaráhrif virðast lítil og gróðurþekja víðast samfelld, svæðið telst gróðurfarslega lítt snortið. Síðan álitamál hversu langt eigi að fara til austurs þar sem áhrifasvæðið fer yfir Núpsstaðarskóg. Erfitt að meta verðmæti gróðurs þar sem engar rannsóknir hafa farið fram á fjölbreyttasta hlutanum.

Lítill sem engin þekking á fuglalífi ofan byggðar. Líklega 5 tegundir á valista. Talið líklegt að 38 teg. Gætu orpið á vatnasviðinu (einkunn 13), eink. 8 fyrir fágæti en flestir stofnar taldir fremur litlir (4). Einkunn fyrir fuglalíf í heild 7,9. Engar rannsóknir á smádyrum í vatni. Bæði lax og sjóbirtingur á vatnasviðinu.

Fornleifar illa þekktar. Tveir friðlýstir minjastaðir, Lundur (fór í eyði á 15. Öld) og Rofhóll, einnig yngri eyðibýli og sagnir um eldri býli. Ásigkomuleg Lundarstaðar slæmt en fáir minjastaðir til frá sama tíma, þ.e. 15. Öld. Táknrænt gildi vegna Njáls sögu. Einkunn 8 fyrir menningarminjar.

Ofan Fljótshverfis eru mjög víðáttumikil og nær alveg ósnortin víðerni að Vatnajökli og Skeiðarárjökli. Svæðið fær háa einkunn fyrir víðerni (12). Það fær miðlungseinkunn fyrir fjölbreytni, fágæti og sjónrænt gildi landslags (8) en hærri (13) fyrir stærð/samfellu og heild. Innst í Djúpárdal eru miklar fossaraðir lindavatns og stór foss í Djúpá (Bassi). Fleiri óraskaðar ár með gljúfrum og fossum eru á svæðinu.

Umsögn faghóps II

FH II: Gæði gagna B/B.

<i>Ferðasvæði</i>	<i>Verðmætamat svæðis vegna ferðaþjónustu og útivistar án virkjunarframkvæmda</i>	<i>Röð</i>
Djúpá	8,09	30

<i>Staðar-númer</i>	<i>Virkjunarhugmynd</i>	<i>Verðmæti svæðis fyrir virkjunarframkvæmdir</i>		<i>Heildareinkunn áhrifa á beit, veiðar, ferðaþjónustu og útivist</i>	<i>Röð</i>
		til beitar	vegna veiða		
14	Djúpá	6	3	4,51	28

Röðun FH I/FH II: 47.

Könnun verkefnisstjórnar: N0, B3, V9.

Rök fyrir röðun í nýtingarflokk:

Rök fyrir röðun í biðflokk:

Rök fyrir röðun í verndarflokk:

Víðáttumikið mjög lítið raskað svæði, lítil merki um ferðir eða búsetu manna, óraskað vatnasvið með fossum og gljúfrum, hluti af lítt snortnum víðernum í jaðri Vatnajökulsþjóðgarðs.

Svæði sem þetta eru orðin fágæt á landinu öllu.

Flokkun í þingsályktunartillögu: Verndarflokkur

Rökstuðningur: Vísað til röðunar verkefnisstjórnar (tafla 7.2 í fylgiskjali 1) og könnunar verkefnisstjórnar (fylgiskjal 3).